

Hollvinafélag læknadeildar Háskóla Íslands

**Sigríður
Stefánsdóttir**
framkvæmda-
stjóri Hollvina-
samtaka HÍ

HOLLVINAFÉLAG LÆKNADEILDAR Háskóla Íslands var stofnað 15. nóvember 1996. Fyrsti formaður félagsins var Árni Björnsson en núverandi formaður er Örn Bjarnason. Aðrir í stjórn eru Guðmundur Bjarnason, Helga Erlendsdóttir, Sveinn Magnússon og Vilhelmína Haraldsdóttir. Fulltrúi stúdenta í stjórn er Hjalti Már Þórisson. Hollvinafélagið hefur unnið að margvíslegum verkefnum á liðnum árum, hæst ber þó hina vinsælu fyrirlestraröð „Undur líkamans – furður fræðanna“ sem haldin var veturinn 1997-1998. Hollvinafélagið var einnig aðili að opnu húsi og fyrirlestraröð í Læknagarði síðastliðið haust og á hverju vori veitir félagið viðurkenningu þeim læknakandídat sem hæsta einkunn hlýtur við brautskráningu. Nýlega ákvað stjórn félagsins að styrkja norræna ráðstefnu læknanema sem haldin verður hér með vorinu.

Rétt er að geta þess að félagar í Hollvinasamtökunum og hollvinafélögum njóta margháttaðra fríðinda og fá reglulega upplýsingar um innra starf Háskólans og læknadeildar.

Við viljum sérstaklega benda afmælisárgöngum á að hægt er að fá aðstoð skrifstofu Hollvinasamtakanna við að ná til gamalla skólafélaga þar sem samtökin hafa skrár yfir alla kandiata sem brautskráðir hafa verið frá HÍ.

Núverandi stjórn Hollvinafélags læknadeildar hefur ákveðið að gera átak til að fjölga félagsmönnum en þeir eru aðeins 127 talsins. Í því sambandi er birtur hér listi yfir félagsmenn og er þeim velunnurum læknadeildar sem ekki hafa enn gengið til liðs við Hollvinafélagið bent á að hafa samband við skrifstofu Hollvinasamtakanna í síma 551 4374, eða á netfang sigstef@hi.is. Rétt er að geta

þess að nokkrir læknar eru félagar í Hollvinasamtökunum án þess að hafa gengið í Hollvinafélag læknadeildar og geta þeir sömuleiðis snúið sér til skrifstofunnar ef þeir vilja að félagsgjald þeirra renni til stuðnings læknadeildar.

Stofnskrá Hollvinafélags læknadeildar HÍ

Félagið heitir Hollvinafélag læknadeildar Háskóla Íslands. Markmið félagsins er að auka tengsl læknadeildar við fyrrum nemendur sína og aðra velunnara deildarinnar. Skal þess gætt að félagsmenn hafi greiðan aðgang að starfsemi og þjónustu deildarinnar og að tekjum félagsins sé ráðstafað til uppbyggingar lærdóms og rannsókna í læknadeild.

Félagar í Hollvinafélagi læknadeildar eru sjálfkrafa félagar í Hollvinasamtökum Háskóla Íslands. Félagar í Hollvinasamtökum Háskóla Íslands geta gerst meðlimir í Hollvinafélagi læknadeildar með því að greiða sérstaka upphæð til félagsins, eða óska eftir því að hluti árgjalds til Hollvinasamtakanna gangi til Hollvinafélags læknadeildar, samanber stofnskrá Hollvinasamtakanna.

Framlög til Hollvinafélags læknadeildar má merkja ákveðinni starfsemi. Óskilyrtum fjárframlögum ráðstafar stjórn Hollvinafélags læknadeildar í samræmi við markmið félagsins.

Með fjármál, félagaskrá og samskipti við hollvini skal farið í samráði við stjórn Hollvinasamtaka Háskóla Íslands og skrifstofu þeirra, sem sér um þjónustu við hollvinafélög.

Stjórn Hollvinafélags læknadeildar skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Aðalfund skal halda í október ár hvert. Formaður situr í fulltrúaráði Hollvinasamtaka Háskóla Íslands.

Félagar í Hollvinafélagi læknadeildar HÍ

Andri Már Þórarinnsson
Anna Jóhannsdóttir
Arna Guðmundsdóttir
Atli Árnason
Atli Dagbjartsson
Árni Kristinnsson
Ásgeir Haraldsson
Ásmundur Brekkan
Bjarni A. Agnarsson
Bjarni Þjóðleifsson
Björn Guðmundsson
Bogi Andersen
Bragi Guðmundsson
Bryndís Þórðardóttir

*Agnes Smáradóttir undir-
ritar læknaeiðinn við há-
tíðlega athöfn sumarið
1995.*



Brynjólfur Mogensen	Jón Ívar Einarsson	Þorsteinn Njálsson
Dóra Einarsdóttir	Jón Aðalsteinn Jóhannsson	Þorsteinn Svörfuður
Edda Guðmundsdóttir	Jón Eyjólfur Jónsson	Stefánsson
Edda Sigrún Ólafsdóttir	Jón Lárus Sigurðsson	Þorvaldur Veigar
Egill Ágúst Jacobsen	Jón G. Stefánsson	Guðmundsson
Einar Hjaltason	Jón Þorsteinsson	Þorvaldur Jónsson
Einar Stefánsson	Jónas Björn Magnússon	Þór Eysteinnsson
Eiríkur Örn Arnarson	Karl G. Kristinsson	Þórdís Guðmundsdóttir
Elín Bjarnadóttir	Katrín Fjeldsted	Örn Bjarnason
Emil L. Sigurðsson	Kristinn Þ. Sigurðsson	
Geir Karlsson	Kristín Einarsdóttir	
Gestur Pálsson	Kristján Erlendsson	
Gísli Einarsson	Leifur Dungal	
Guðjón Vilbergsson	Magnús Gottfreðsson	
Guðmundur Bjarnason	Magnús Jóhannsson	
Guðmundur Björnsson	Magnús Karl Pétursson	
Guðmundur Georgsson	Oddur Ólafsson	
Guðmundur S. Jónsson	Ólafur Ó. Guðmundsson	
Guðmundur Pétursson	Ólafur Kjartansson	
Guðmundur Þorgeirsson	Ólafur F. Mixa	
Guðrún Agnarsdóttir	Ólafur H. Oddsson	
Gunnar Biering	Ólafur Steingrímsson	
Gunnar H. Gunnlaugsson	Ólöf Sigurðardóttir	
Gunnar Rafn Jónsson	Ómar Ragnarsson	
Gunnar Þór Jónsson	Páll Pálsson	
Gunnar Sigurðsson	Pálmi V. Jónsson	
Gunnar Wiig	Pétur Heimisson	
Gunnhildur Guðnadóttir	Pétur Skarphéðinsson	
Gunnlaugur Geirsson	Reynir Tómas Geirsson	
Gunnlaugur Snædal	S. Hugrún Ríkarðsdóttir	
Gylfi Haraldsson	Sigmundur Magnússon	
Halldór Kolbeinsson	Sigurður Árnason	
Hannes Blöndal	Sigurður Björnsson	
Hannes Pétursson	Sigurður Guðmundsson	
Hannes Þórarinsson	Sigurður Yngvi Kristinsson	
Haukur Valdimarsson	Sigurður Thorlacius	
Helga Erlendsdóttir	Sigurlaug Karlsdóttir	
Helga Hannesdóttir	Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir	
Helga M. Ögmundsdóttir	Sólrún Jónsdóttir	
Helgi J. Ísaksson	Stefán Carlsson	
Helgi Kr. Sigmundsson	Stefán E. Matthíasson	
Helgi Sigurðsson	Stefán Þórarinsson	
Helgi Valdimarsson	Sunna Snædal	
Hjalti Már Þórisson	Sveinbjörn Gizurarson	
Hjördís Claessen	Sveinn Magnússon	
Hjördís Harðardóttir	Sverrir Bergmann	
Hjördís Smith	Sverrir Harðarson	
Hrafn Tulinius	Tómas Helgason	
Högni Óskarsson	Tómas Á. Jónasson	
Ingibjörg Harðardóttir	Tómas Zoëga	
Ingvar Þóroddsson	Tryggvi Helgason	
Ingveldur Birna	Vilhelmína Haraldsdóttir	
Björnsdóttir	Vilhjálmur Rafnsson	
Jakob Kristinsson	Víkingur Arnórsson	
Jóhann Ágúst Sigurðsson	Þorgerður Sigurðardóttir	
Jóhannes Nordal	Þorsteinn Jóhannesson	